

HRAUNEYJARFOSS

eða

HRAUNEYJARFOSS

Rvík, 14.mai '60

S. Rist

HRAUNEYJAFOSS EÐA HRAUNEYJARFOSS

Ég hringdi í minn gamla og góða kennara Sigurð Jónsson frá Brún og innti hann álits um, hvort væri réttara Hrauneyjafoss eða Hrauneyjarfoss.

Hann gaf greið svör. Mátti ég hafa mig allan við að skrifa niður:

"Við fórum þarna um 1927 og höfðum fyrir fylgdarmann Guðmund Árnason, hreppsstjóra í Múla.

Taldi hann okkur liggja í Hrauneyjum. Tjaldstaður sá var í graslendisbletti, ræktuðum út frá kvíslinni í stefnu á efri Tungnaárflutninginn. Og vorum við því í eyju milli Hrauneyjakvíslar og Tungnaár.

Fossinn í Tungnaá nefndum við Hrauneyjafoss.

Það mætti ætla, að misheyrt væri um einn stað, ef ég þéttist ekki muna fyrir vist, að notað hafi verið fallið "í Hrauneyjum". Að þetta gæti ekki staðizt, ef svo væri, yrði þá að byggjast á því, að kvíslin væri alls ekkert skipt eða klofin. Til frekari staðfestingar getur þú lesið um þetta í Árbók Fornleifafélagsins. Guðmundur skrifaði þar um örnefni á Landmannaafrétt. Það var einhvern tíman á milli 1920-1930."

Að lokum sagði Sigurður eitthvað á þessa leið: Brjóta þarf niður kambinn úti fyrir Kvíslinni og ná sem mestu af Tungnaárvatni inn í hraunið. Jökulgormurinn mun þá þetta það og græða og þá munu koma þar goðir hestahagar á fáum árum.

Hið næsta sinn hér á eftir, er ég lagði leið mína inn á Landsbókasafnið, sló ég upp grein Guðmundar. Þar stóð allt heima, sem Sigurður hafði sagt. Greinin reyndist í árbókinni 1928. Þar var mikinn fróðleik að finna, m.a. þetta:

"Í austur-landnorður af Einbúa er Tungnaárfell. Það er í Tungnaá. Norður af því, með ánni, er Tungnaárkrókur - þar er skarpur krókur á ánni. Löng lág alda liggur frá Tungnaá, skammt fyrir vestan "Krókinn" og vestur fyrir Melfell, heitir Sigalda. Norðan við hana hefur landið sigið mikið og er ekki ólíklegt, að sá, sem gaf öldunni nafn, hafi tekið eftir því. Þegar kemur út fyrir Sigöldu, taka við Hrauneyjar, svo er nefnt bæði eyjar í ánni og graslendi sunnan við hana, enda er það graslendi með gömlum kvíslarfarvegum. Austasta grasflesjan þar með ánni heitir Sigölduver. Í vestur af því er Hrauneyjafell - stakt fell á hrauninu. Í norður af því er hár foss í ánni, sem heitir Hrauneyjafoss. Kvísl fellur úr ánni ofan við fossinn og myndast þá stór eyja í henni, er hún kölluð Hrauneyjahólmi, en kvíslin Hrauneyjakvísl.

Ofan við fossinn eru margir smáhólmar í ánni, nafnlausir nema sá neðsti og stærsti - einn smáhólmi eða sker mun vera á milli hans og fossins. Þessi hólmi heitir Egilshólmi."

Til efni nafngiftarinnar rekur G.Á. síðan nákvæmlega. Í stuttum útdrætti er það á þessa leið: Um haust (1855) drap maður að nafni Egill Jónsson frá Snjallsteinshöfða hest undir sér í ánni við að ná kindum úr hólmanum. Hrossskrokkinn bar að steini úti í ánni og staðnæmdist. Agli tókst að hanga þar meðan reipi og tjaldsúlur voru sóttar í tjaldstað Hrauneyjamanna og var manningnum bjargað.

G.Á. heldur áfram orðrétt:

"Sunnan við Hrauneyjakvísl eru á dálitlu svæði þéttir grjóthólar með djúpum lautabollum á milli. Þetta svæði er nefnt Katlar. Þegar kemur vestur fyrir Hrauneyjar, er nafnlaust svæði vestur að grasspildu, er liggur frá Tungnaá suður á hraunið, hún heitir Sultarfit. Önnur grasspilda nokkru vestar samhliða og stærri heitir Ferjufit. Við nyrðri enda hennar er ferjustaður á Tungnaá yfir á Holtamannaafreitt. Hann heitir Hald. Enn vestar, þar sem Tungnaá og Þjórsá koma saman og neðar við þær, er grasgeiri, sem heitir Vaðfit. Nokkru fyrir austan geira þennan er vað á Tungnaá, en hefur ekki verið farið í áratugi".

Hér kemur fram svo ekki verður um villzt að fossinn heitir Hrauneyjafoss á máli Landmanna og ástæðulaust að troða eintöllumyndunar rinu inn í orðið. Það særir aðeins málvitund fjölmargra landsmanna.

Þá er það Tungnaárkrókur. Honum hefur verið hnikað til - færður til vesturs - í virkjunaráætlunum, sjá nánar um það í skilagrein nr. 203 "Athugasemdir og hugleiðingar við Harza-skýrslu". Það gaf nær augaleið að Tungnaárkrókur væri graslendisræman við Tungnaá norðan Tungnaárfells, því að þar hefur verið kindavon. Tungnaárkrókur er því alls ekki beygjan á ánni, þar sem hún hefur nagað sig í gegnum Sigöldu.

Vaðið á Tungnaá ofan ármóta Þjórsár og Tungnaár, sem Guðm. Árnason minnst á, hafa vatnamælingar fundið og farið þar yfir með bíla. Það er sæmilegt, þegar vöxtur er ekki í vatni. Leifar af gömlum vörðum fundust einnig og hafa vörðurnar sýnt æði glöggt hvernig ríða skyldi brotið.

Að lokum þetta um Hrauneyjafoss. Hætt er við að r-draugurinn skjóti upp kollinum aftur og aftur, því að nægilegt er að sækja hann í Árbók Ferðafélags Íslands 1940. Þar hefur nefndur Guðmundur Árnason frá Múla skrifað grein um Veidivötn og í þeirri grein er m.a. mynd af Hrauneyjafossi. Undir

myndinni stendur "Hrauneyjafoss í Tungnaá". En við nánari athugun kemur í ljós, að í lesmáli greinarinnar er ekkert vikið að Hrauneyjafossi.

Er því full ástæða til að ætla, að myndinni hafi verið "slengt inn upp á punt" á síðustu stundu og hefur verið ætlað það hlutverk að prýða ytra útlit greinarinnar. Ljósmyndir greinarinnar eru eftir þá Geir G. Zoëga, Osv. Knudsen, Fontenay og Tr. Magnússon, og hafa augljóslega ekki fylgt greininni ur heimahlaði og þá ei að heldur myndatextar. En af því leiðir, að ekki er rétt að bera G.Á. fyrir þessum eintökurithætti.

Vatnamælingar munu því eftirleiðis sem og hingað til rita Hrauneyjafoss.

Reykjavík, 14. maí 1960,

Sigurjón Rist